

**16. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
23. júní 2015 og hófst hann kl. 08:00**

Fundinn sátu:

Sigríður Indriðadóttir formaður, Rakei Óskarsdóttir varaformaður, Kristinn Hallur Sveinsson aðalmaður, Ásthildur Ósk Ragnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigrún Inga Guðnadóttir áheyrnarfulltrúi og Svala Kristín Hreinsdóttir deildarstjóri skólaþróunar og sérfræðipjónustu.

Fundargerð ritaði: Svala Hreinsdóttir, deildarstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 1506140 - Hagræðing á skóla- og frístundasviði 2015

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum 21. maí sl. viðbótarstöðugildi í stoðþjónustu Grundaskóla í samræmi við tillögur skóla- og frístundaráðs en faldi skóla- og frístundaráði að koma með tillögur til hagræðingar til þess að mæta þessum kostnaðarauka. Skóla- og frístundaráð fól Gunnari Gíslasyni ráðgjafa og Svölu Hreinsdóttur deildarstjóra á skóla- og frístundasviðs að koma með tillögur til hagræðingar.

Gunnar Gíslason ráðgjafi skóla- og frístundasviðs og Lárus Sighvatsson skólastjóri Tónlistarskólans á Akranesi mættu á fundinn kl. 8:00.

Gunnar kynnti tillögur til hagræðingar í Tónlistarskólanum á Akranesi sem unnar hafa verið í samvinnu við Lárus skólastjóra. Meirihluti fulltrúa í skóla- og frístundaráði leggur til við bæjarráð að gjaldskrá Tónlistarskólans á Akranesi verði hækkuð um 10% frá og með 1. september 2015 til að mæta kröfum bæjarráðs að hluta. Jafnframt er lagt til að innheimta skólagjalda verði endurskoðuð með það að markmiði að fjölga gjalddögum.

Að auki samþykkir meirihluti fulltrúa í skóla- og frístundaráði að fela Gunnari og Lárusi að ná fram hagræðingu í samræmi við umræður á fundinum og leggur áherslu á að þær aðgerðir verði tímabundnar til eins árs.

Kristinn Hallur Sveinsson, fulltrúi Samfylkingar í skóla- og frístundaráði, mótmælir hugmyndum um hækkun skólagjalda og niðurskurð í Tónlistarskólanum á Akranesi. Ódýr tónlistarskóli í hæsta gæðaflokki er einn af helstu styrkleikum Akraness og mikilvægur þáttur í því að auka lífsgæði Akurnesinga og gera búsetu í bænum eftirsóknarverða. Samfylkingin vill áfram öflugt starf í tónlistarskólanum og að sem flestir hafi aðgang að tónlistarmenntun óháð efnahag.

Eins og bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar hafa bent á, þá mætti spara hátt í fjórar milljónir á ári ef meirihluti Bjartrar framtíðar og Sjálfstæðisflokks skipti á milli sín sætum aðalmanna í ráðum bæjarins en slepti því að skipa áheyrnarfulltrúa frá meirihlutanum. Þannig teljum við einnig að formlegur meirihluti eigi að vinna; sem ein heild en ekki sem tveir flokkar. Þá fjármuni sem þarna liggja væri farsælla að nýta til að fjármagna nauðsynlega þjónustu bæjarins.

Lárus vék af fundi kl. 9:28.

2. 1502210 - Fjárhagsáætlun 2016

Tíma- og verkáætlun vegna vinnu við fjárhagsáætlun 2016 lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:00.

*Sigríður Indriðadóttir
Ásthildur Ósk Ragnarsdóttir
Sigrún Inga Guðnadóttir*

*Gunnar Gíslason
Kristinn H. Sveinsson
Svala Hreinsdóttir*